

# Fundur í skólaráði Sunnulækjarskóla

## 25. fundur, haldinn 31. október 2012, kl 17:15

*Mætt voru: Arnór Darri Eggertsson, Andrea Lind Guðmundsdóttir, Ólafur Unnarsson, Harpa Dóra Guðmundsdóttir, Tómas Davíð Ibsen Tómasson, Birgir Edwald, Óskar Gunnarsson og Lilja Björg Guðjónsdóttir sem ritaði fundargerð*

1. Nýir meðlimir boðnir velkomnir.

Arnór og Andrea nýir fulltrúar nemenda, Lilja fulltrúi annars starfsfólks, Harpa Dóra fulltrúi kennara.

2. Skólaráð velur sér fulltrúa grenndarsamfélags. Óskar er kjörinn til áframhaldandi setu.
3. Skólanámskrá Sunnulækjarskóla kynnt. Skólanámskrá sérdeildar kynnt. Rætt var um upplýsingartækni í skólanum. Skólanámskrá samþykkt af öllum í skólaráði.
4. Verkgreinar á yngsta stigi. Fjallað var um verkgreinar á yngsta stigi og smiðjufyrirkomulag. Nemendur fara meira í verkgreinastofur.
5. Fyrirkomulag stoðkennara er að festast í sessi og mælist vel fyrir.
6. Útikennsla. Foreldrafélagið gaf áhöld til útikennslu. Útbúið verður rjóður á skólalóð.
7. Rætt um úttektarskýrslu um Sunnulækjarskóla og umbótaáætlun á þeim þáttum sem mátti bæta. Búið er að framkvæma þær úrbætur og ráðuneytið hefur samþykkt þær og tilkynnt að málinu sé lokið.

Önnur mál:

Allir eru sammála um að vel hafi tekist til á þemadögum.

Rætt um að mikilvægt sé að stuðningsfulltrúar í gæslu í frímínútum séu í vestum til auðkennis svo þeir sjáist betur

Boðað til næsta fundar miðvikudaginn 12.12.2012 kl. 17:15

Fundi slitið kl. 18:15

LBG/bed